

Sþ.

3. Tillaga til þingsályktunar

um áfengismál.

Flm.: Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason, Finnur Jónsson, Þorsteinn Briem.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að loka áfengisverzlunum ríkisins, meðan erlent herlið dvelur í landinu.
2. Að vinna að því við stjórnir þeirra ríkja, sem herlið er komið frá hingað til lands, að þær láti ekki herliðið fá áfengi né aðstöðu til að afla þess, meðan liðið dvelur hér á landi.